

Hafnarfjarðarbær  
Rósa Guðbjartsdóttir  
Bæjarstjóri  
[rosa@hafnarfjordur.is](mailto:rosa@hafnarfjordur.is)

Afrit sent til: [siggih@hafnarfjordur.is](mailto:siggih@hafnarfjordur.is)  
[sigurdurnordal@hafnarfjordur.is](mailto:sigurdurnordal@hafnarfjordur.is)

**Málefni: Stólpi gámar ehf. - Lóðir við Óseyrarbraut, Gullhelli og Tinhelli.**

Með vísan til fyrri samskipta okkar um ofangreint mál, þ.m.t. bréf okkar dags. 3. september s.l. svo og minnisblað Sigurðar Haraldssonar dags. 4. október, viljum við koma eftirfarandi upplýsingum til Hafnarfjarðarbæjar um fyrirtækin í Stólpa-samsteypunni.

Klettaskjól ehf, kt. 520406-0180, er lóðarhafi umræddra lóða við Óseyrarbraut. Klettaskjól er fasteignafélag Stólpa-samsteypunnar. Í Stólpa-samsteypunni eru nokkur félög, þ.á.m. Klettaskjól og Stólpi gámar. Sem stendur er verið að breyta fyrirtækjasamsteypu Stólpa til að greina betur á milli verksviða einstakra fyrirtækja. Samsteypan er í eigu Ásgeirs Þorlákssonar, kt. 021259-3149.

Lóðirnar við Óseyrarbraut eru;

Lóð	Stærð
Óseyrarbraut 8-10	8.250,0 m <sup>2</sup>
Óseyrarbraut 12-14	11.000,1 m <sup>2</sup>
Samtals:	19.250,1 m <sup>2</sup>

Klettaskjól er nú að sameinast Stólpa ehf, kt. 560776-0399. Sameinað félag Stólpa, Klettaskjól og fleiri tengdra félaga verður Máttarstólpi ehf, kt. 560776-0399 (kennitala Stólpa ehf.)


Klettaskjól ehf./Máttarstólpi ehf. óska eftir að fá úthlutað lóðum við Gullhelli og Tinhelli sem hér er gerð grein fyrir, í skiptum fyrir ofangreindar lóðir við Óseyrarbraut. Fyrir umrædda sameiningu félaganna yrði Klettaskjól ehf, kt. 520406-0180, lóðarhafi við Gullhelli og Tinhelli. Eftir að breytingin er um garð gengin verður lóðarhafinn Máttarstólpi ehf, kt. 560776-0399.

Lóðarhafi tekur við umræddum lóðum skv. áður nefndu minnisblaði, með greiddu fullu gatnagerðargjaldi með nýtingarhlutfalli 0,4 fyrir lóðirnar við Tinhelli og með greiddu gatnagerðargjaldi fyrir nýtingarhlutfallið 0,174 fyrir lóðina Gullhelli. Lóðirnar eru;

Lóð	Stærð
Gullhella 2	29.678,4 m <sup>2</sup>
Tinhella 2	4.763,3 m <sup>2</sup>
Tinhella 4	4.531,8 m <sup>2</sup>
Tinhella 6	6.112,1 m <sup>2</sup>
Tinhella 10	3.465,8 m <sup>2</sup>
Tinhella 12	3.558,0 m <sup>2</sup>
Samtals:	52.109,4 m <sup>2</sup>

Stólpi gámar, Máttarstólpi og Klettaskjól lýsa sig reiðubúin til að ljúka frágangi þessara lóðaviðskipta við fyrsta hentugleika.

Virðingarfyllt,  
f.h. Stólpa gáma ehf, Máttarstólpa ehf. og Klettaskjól ehf.  
Reykjavík 14. október 2021



Ásgeir Þorláksson  
framkvæmdastjóri  
[asgeir@stolpigamar.is](mailto:asgeir@stolpigamar.is)  
s. 892 5616